1875

	Gjöld.		Kr.	Aur.
1.	Til sakamála, lögreglumála og gjafsóknarmála m. fl.		900	»
2.	Endurgjald alþingiskostnaðar		1092	52
3.	Til yfirsetukvenna		»	»
4.	Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna		280	»
5.	Ferðakostnaður embættismanna		350	»
6.	Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja		1200	»
7.	Til sáttamálefna		50	»
8.	Endurgjald á lánum			
	a, lán vegna fjárkláðans	1000 kr.		
	b, lán í tilefni af fangelsisbyggingum	664 —	1664	»
9.	Kostnaður við amtsráðið		100	»
10.	Til varðkostnaðar		1120	»
11.	Ýmisleg útgjöld		100	»
12.	Sjóður við árslok		500	»
		Samtals	7356	52

Tekjur:

1.	Í sjóði frá f. ári	»	»
2.	Niðurjöfnun á lausafje í amtinu	7356	52

Athugasemdir:

Við 3. gjaldlið: Til yfirsetukvenna er ekkert fje ætlað með tilliti til þess, að eptir lagafrumvarpi, sem samþykkt var á alþingi, á jafnaðarsjóðurinn að vera laus við slík gjöld

Við 10. gjaldlið: Af hinum áætlaða varðkostnaði, að því leyti sem hann greiðist af jafnaðarsjóðnum, er hjer til færður helmingur, en hinn helmingurinn er ætlazt til að greiðist á árinu 1877.

Áætlunin er samin eptir fyrirmynd, sem landshöfðinginn yfir Íslandi hefur samþykkt fyrst um sinn.

Reykjavík, 23. október 1875.

Bergur Thorberg.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

66 6ta septbr. *Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir norður- og austur-umdœminu).

Tilkynnt amtmanninum, að bókagjöf frá Ameríku til amtsbókasafnsins á Akureyri hafi komið til Kaupmannahafnar og verið send þaðan með seglskipi beinlínis til Akureyrar.

67 21sta septbr. *Brjef landshöfðingja* (til beggja amtmanna).

Með þessu brjefi var lagt fyrir amtmenn að gjöra það kunnugt í umdœmum þeirra, að Chr. Aug. Thorne í Moss í Noregi, sem á verkstað til að varðveita matvæli gegn skemmdum, og hefur kennt 2 Íslendingum aðferðina við að sjóða niður lax og sauðakjöt, hafi boðizt til að kenna öðrum Islendingum kauplaust þessa iðn sína.

68 25ta septbr. *Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir norður- og austur-umdœminu).

Með brjefi frá 21. júlí þ. á. senduð þjer herra amtmaður erindi bœjarfógetans á Ak-